

Alþingi
Erindi nr. P 139/2044
komudagur 18.4. 2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. apríl 2011

Efni: Umsögn SA um tillögu til þingsályktunar um mat á skilaverði eignasafns Landsbanka Íslands, 563. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um mat á skilaverði eignasafns Landsbanka Íslands. Þar er lagt til að Alþingi feli fjármálaráðherra að ráða, í samráði við formenn stjórnmalaflokkanna, tvo óháða sérfræðinga eða fyrirtæki til að leggja sjálfstætt mat á skilaverð safnsins.

Þar sem að kosningar um Icesave samkomulag ríkisstjórnarinnar hafa farið fram liggur ekki fyrir með skýrum hætti í greinargerðinni nauðsyn þess að láta fara fram sjálfstætt mat á skilaverði safnsins. Mat sérfræðinga á áætluðu skilaverði Landsbanka Íslands hf., annarra en þeirra sem unnið hafa fyrir skilanevnd bankans, hafði upplýsingagildi og kann að draga úr óvissu aðila um endurheimtur á forgangskröfum í þrotabú bankans. Matið er þó ávallt háð óvissu um markaðsverðmæti. Í greinargerð með þingsályktuninni skortir upplýsingar um áætlaðan kosnað við gerð sjálfstæðs mats og þann tíma sem tæki að vinna slíkt mat. Þá liggur ekki fyrir hvort óháðir sérfræðingar fengju nauðsynlegan aðgang að upplýsingum né hvort skilanevnd Landsbankans væri hugsanlega tilbúin til að kosta eða koma að kostnaði við gerð slíks mats. SA telja að þessar upplýsingar þurfi að liggja fyrir áður en ákvörðun er tekin.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins